



Kennarar:	Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, helg@fsu.is Kristjana Sigríður Skúladóttir, kristjanas@fsu.is Magnús Másson, magnus@fsu.is	GHG KSS MM
------------------	--	------------------

Undanfari: STÆR1AJ05

Markmið:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

- STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarsson. Reykjavík 2012.
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér internetið t.d. myndbönd á youtube, KHAN-akademy, rasmus.is o.fl.

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf ásamt heimadæmum og ýmsum verkefnum.

Nemanda er skylt að taka öll lotuprófin á tilsettum tíma. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf, tekur hann prófið strax í næstu kennslustund.

Námsmat

Lotupróf, heimaverkefni og tímadæmi mynda annareinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

Vægi lokaprófs	70%
Vægi annareinkunnar	30%

Annareinkunn skiptist svona:

Vægi lotuprófa	70%
Vægi heima-/tímadæma	30%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Skila öllum verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Áætlun um yfirferð í áfanganum:

Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal	Lotupróf
33-34	7. Kafli. Um horn	113-118	
34-36	8. Kafli. Þríhyrningar	119-172	LP1 viku 36
36-39	9. Kafli. Hringir	173-196	
39-40	10. Kafli. Flatarmál	197-216	LP2 viku 40
40-44	11. Kafli. Rúmmál. Yfirborð	241-256	LP3 viku 44
44-47	12. Kafli. Hornaföll	217-240	LP4 viku 47
48	Upprifjun	Allt	

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Athugið

Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir **F**.

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil.

Heilræði

Mættu ávallt kennslustundir og nýttu þær vel. Mættu með öll gögn sem til þarf. Ef þú þarft meiri hjálp er sjálfsagt að nýta viðtalstíma kennara en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega.

F.Su. 16. ágúst 2021

Með ósk um góðan árangur á önninni.

Helga, Kristjana og Magnús